



Sveitarstjórn

Samþykkt fyrir umhverfisnefnd

I. Kafi

Umboð og hlutverk

1. gr.

Umhverfisnefnd Vopnafjarðarhrepps er skipuð af sveitarstjórn til fjögurra ára að afloknum bæjar- og sveitarstjórnarkosningum. Nefndin fer í umboði sveitarstjórnar með þau umhverfis- og náttúruverndarmál, sem henni eru falin, eins og nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu.

2. gr.

Umhverfisnefnd er skipuð fimm fulltrúum og fimm til vara. Auk kjörinna fulltrúa hefur sveitarstjóri rétt til að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti. Sveitarstjóri boðar nefndina saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af sveitarstjórn. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nema lög eða sveitarstjórn ákveði annað.

3. gr.

Helstu verkefni umhverfisnefndar eru eftirfarandi:

- a) Að vera sveitarstjórn til ráðuneytis í umhverfismálum.
- b) Að fara með þau náttúruverndarmál sem sveitarstjórnnum er ætlað að framfylgja og ekki hafa verið falin öðrum.
- c) Að gera tillögur til sveitarstjórnar um markmið á sviði umhverfismála og umhverfisstefnu sveitarfélagsins.
- d) Að hafa eftirlit með svæðum á náttúruminjaskrá og opinberum skógræktar- og landgræðslusvæðum, opnum svæðum, almennum leiksvæðum, útivistarsvæðum og gönguleiðum.
- e) Að leggja fram tillögur að merkingu gönguleiða, náttúruminja, fornminja og staða, sem hafa sögulegt gildi.
- f) Að hafa eftirlit með skráðum og friðlýstum fornminjum og leggja fram tillögur til aðgerða ef hætta er talin á að þær raskist eða fari forgörðum.
- g) Að fara með málefni sorphreinsunar.
- h) Að hafa frumkvæði að aðgerðum til að efla endurvinnslu og endurnýtingu með sorpflokkun.

- i) Að sjá til þess að fylgt sé lögum, reglum og fyrirmælum er varða fráveitumál.
- j) Að stuðla að niðurrifi ónýtra húsa og bygginga og að rusl sé ekki skilið eftir á víðavangi s. s. girðingar o. fl.
- k) Að gangast fyrir sérstöku átaki til förgunar á brotajárni og hreinsunarátaki svæðisbundið eða almennt í sveitarfélaginu.
- l) Að stuðla að fegrun sveitarfélagsins og snyrtilegri umgengni jafnt á bújörðum sem annars staðar. Nefndin leggi áherslu á samstarf við félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga í því sambandi.
- m) Að veita árlega viðurkenningar fyrir snyrtilega umgengni, falleg mannvirki og/eða aðra athyglisverðar aðgerðir á sviði umhverfisverndar.
- n) Að hafa frumkvæði að samstarfi við þær stofnanir sem hafa skyldum að gegna á þessum vettvangi s. s. Heilbrigðiseftirlit Austurlands, Náttúrustofnun Austurlands, Umhverfisstofnun, Náttúruverndarstofnun o. fl.

4. gr.

Umhverfisnefnd skal setja í forgangs röðun aðgerðir til að koma rotþróarmálum í sveitarfélaginu í það horf sem lög gera ráð fyrir. Með sama hætti skal nefndin gera áætlun um aðgerðir til að fjarlægja stóra brotajárnshauga og annað rusl sem veldur lýti í umhverfinu og jafnvel hættu. Þar skal sérstaklega huga að ónýtum og ónotuðum girðingum og girðingaleifum. Þá skal nefndin einnig setja í forgang aðgerðir til að minnka það magn sorps sem fer til urðunar og hvetja til endurnýtingar og endurvinnslu sbr. h)-lið 3. greinar.

II. kafli - Fundir nefndarinnar og starfshættir

6. gr.

Fundir í umhverfisnefnd skulu haldnir þegar efni liggur fyrir til umfjöllunar þó ekki sjaldnar enn 4 sinnum á ári. Skylt er að boða fund ef meirihluti nefndarmanna óskar.

7. gr.

Formaður boðar fund og stýrir honum. Formaður skal ávallt hafa samráð við sveitarstjóra um boðun fundar og kynna honum efni hans. Fundur telst löglega boðaður ef til hans er boðað með minnst tveggja sólahringa fyrirvara. Fundir nefndarinnar skulu að öllu jöfnu boðaðir með skriflegri dagskrá og skal dagskránni fylgja afrit erinda eða annarra skriflegra gagna, sem tengjast dagskrárliðum fundarins. Fundir skulu haldnir fyrir luktum dyrum. Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarmanna er mættur og ræður afl atkvæða afgreiðslu mála. Falli atkvæði að jöfnu telst mál fallið.

8. gr.

Fundir umhverfisnefndar skulu skráðir í sérstaka fundargerðarbók eða tölvuskráðir. Við skráningu skal fylgja þeim meginreglum sem gilda um skráningu fundargerða sveitarstjórnar sbr. 32. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Vopnafjarðarhrepps. Fundargerðarbók og öll bréf, erindi, skýrslur og skjöl, sem snerta störf nefndarinnar, skulu varðveitt á skrifstofu hreppsins. Fulltrúar í sveitarstjórn ásamt sveitarstjóra hafa óheftan aðgang að þessum gögnum nema lög segi annað um meðferð trúnaðarupplýsinga.

9. gr.

Þagnarskylda er lögð á herðar þeim, sem vegna starfa sinna í umhverfisnefnd hafa fengið upplýsingar um mál, sem ætla má að leynt eigi að fara skv. eðli þeirra eða lögum, hvort sem þau varða einkahagi fólks eða almannahagsmuni. Nefndarmenn skulu undirrita drengskaparheit um þagnarskyldu sína. Þagnarskylda helst áfram þótt nefndarmenn hætti störfum.

10. gr.

Nefndin skal fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert hafa skilað til sveitarstjórnar ársskýrslu um störf sín á nýliðnu ári. Sveitarstjórn getur sett nefndum sveitarfélagsins samræmdar reglur um efnistöð og niðurröðun efnis í ársskýrslu.

11. gr.

Umhverfisnefnd leitast við að haga störfum sínum á hverjum tíma í samræmi við stefnu sveitarstjórnar í málaflokknum og þann fjárhagsramma, sem honum er settur. Þá skal hún leitast við að haga störfum sínum þannig að ákvarðanir hennar nýtist í þágu sem flestra íbúa sveitarfélagsins og sú skylda hvílir á hverjum nefndarmanni að setja ávallt almannahagsmuni ofar sérhagsmunum hvort sem í hlut á einstaklingur, hópar, félög eða samtök. Nefndarmenn eru þó ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum, reglugerðum og samþykkt um stjórn og fundarsköp Vopnafjarðarhrepps í atkvæðagreiðslu á fundum nefndarinnar.

III. kafli - Eftirfylgni

12. gr.

Til að fylgja eftir staðfestum ályktunum eða samþykktum nefndarinnar skal formaður snúa sér til sveitarstjóra. Þurfi frekari eftirfylgni snýr formaður sér til sveitarstjórnar.

IV. kafli - Réttindi og skyldur nefndarfulltrúa

13. gr.

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda eftir því sem við á ákvæði II. og III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. einnig IV. kafla sömu laga og III. og IV. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Vopnafjarðarhrepps. Nefndarmönnum er skylt að kynna sér þessi ákvæði.

14. gr.

Fulltrúar í umhverfisnefnd skulu kynna sér þau lög og þær reglugerðir sem gilda um þá málaflokka, sem undir nefndina heyra, og samþykktir og reglur sem sveitarstjórn hefur sett. Það á einnig við um samninga og/eða samstarf á þessum vettvangi við önnur sveitarfélög. Í því samhengi er m. a. bent á eftirfarandi:

- Lög um náttúruvernd, nr. 44/1999.
- Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.
- Lög um Umhverfisstofnun, nr. 90/2002.
- Lög um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991.
- Vatnalög, nr. 15/1923.
- Lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.
- Lög um varnir gegn landbroti, nr. 91/2002.
- Þjóðminjalög, nr. 162/2001
- Lög um úrvinnslugjald, nr. 162/2002.
- Samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Austurlandi, nr. 541/2000.
- Samþykkt um hreinsun og losun rotþróa í Vopnafirði.
- Starfsskilyrði vegna meðhöndlunar á seyru, 6. nóv. 2000.
- Samþykkt um umgengni og þrifnað utan húss á starfssvæði heilbrigðisnefndar Austurlands, nr. 463/2002.

Nefndum sveitarfélagsins er skylt og rétt að eiga með sér samstarf um verkefni, sem kunna að skarast með einhverjum hætti eða málefni gefur að öðru leyti tilefni til.

V. kafli - Gildistaka

15. gr.

Erindisbréf þetta, sem byggir á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, stjórnarsýslulögum nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn og fundarsköp Vopnafjarðarhrepps.

Staðfest í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps 2010.